

22. september 2020
R20090191

Sendandi: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Viðtakandi: Velferðarsvið

Efni: Erindi um leiðbeiningar til almennings um hvernig beri að snúa sér þegar fólk finnur áhöld til fíkniefnanotkunar á víðavangi.

Það bregður svo við í hverfum 101 og 105, að þar finnast áhöld til fíkniefnaneyslu sem hafa verið skilin eftir á berangri. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir því að viðeigandi aðilar hjá borginni útbúi leiðbeiningar um hvernig fólk á að bera sig að finni það slíkt á víðavangi. Í leiðbeiningum þurfa að vera greinagóðar upplýsingar um förgun sem og vísun á rétta aðila innan borgarinnar sem geta aðstoðað þurfi fólk á því að halda. Þessar upplýsingar séu aðgengilegar á vefsvæði borgarinnar.

Einnig óskar íbúaráðið eftir því að á stöðum þar sem áhöld til fíkniefnaneyslu finnast oft verði sett upp sérstök „box“ sem fólk með fíknivanda geti sett í áhöld sín. Íbúaráðið getur verið ráðgefandi varðandi staðsetningar boxanna.

Með kveðju og von um góð svör,

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða.